

## 91. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 23. október 2018

### Fundargerð

**Fundurinn haldinn hjá Austurbrú á Egilsstöðum og hófst kl. 13:20.**

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar á staðinn: Einar Már Sigurðarson (EMS), Gunnar Jónsson (GJ), Hildur Þórisdóttir (HP), Sæunn Stefánsdóttir (SS).

Boðaður en komst ekki: Adolf Guðmundsson (AG).

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 90
2. Fundaáætlun 2018/2019
3. Staða samnings við MMR – fjárlög 2019
4. Staða helstu samninga Austurbrúar
5. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019
6. Verkefnaráð Kröflulínu 3
7. Starfshópar sem framkvæmdastóri situr í
8. Mannauðsmál
9. Gögn vegna ályktunar SSA
10. Önnur mál
  - Verklagsreglur stjórnar

Formaður stjórnar Einar Már setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

**1. Staðfesting fundargerðar nr. 90**

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 90.

**2. Fundaáætlun 2018/2019**

Fundaáætlun samþykkt með þeim breytingum sem fram eru komnar. Framkvæmdastjóra er falið að senda endanlega fundaáætlun til stjórnarmanna sem og rafræn fundarboð í samræmi við áætlunina.

**3. Staða samnings við MMR – fjárlög 2019**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu samningsgerðar við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem og stöðu Austurbrúar í fjárlögum. Framkvæmdastjóra og formanni stjórnar er falið að vinna að málinu á grundvelli umræðna á fundinum s.s. með því að óska eftir fundi með ráðherra menntamála.

**4. Staða helstu samninga Austurbrúar**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu samninga fyrir árið 2019 vegna verkefna Austurbrúar. Rætt var um mikilvægi þess að gera langtímasamninga vegna verkefna þegar þannig háttar til um, með því móti má minnka þann tíma sem fer í samningagerð hjá framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóra er falið að senda bréf á sveitastjóra og bæjarstjóra sveitarfélaganna á Austurlandi vegna fjármögnun flugvallaverkefnisins árið 2019 nú þegar samþykkt hefur verið að leggja Atvinnuþróunarsjóð Austurlands niður um áramótin 2018/2019.

**5. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019**

Farið var yfir samantekt er varðar forsendur fjárhagsáætlunar Austurbrúar sem og tímalínu áætlunar eins og hún kemur fram í fundaáætlun stjórnar. Framkvæmdastjóra og stjórnundarteymi er falið að halda áfram vinnu við gerð fjárhagsáætlunar á grundvelli umræðna á fundinum um forsendurnar hennar. Gengið er út frá rekstri ársins 2018 og að fjármögnun verkefna 2019 verði með sambærilegum hætti.

## 6. Verkefnaráð Kröflulínu 3

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu fyrri stjórnar er varðar Kröflulínu 3. SS fór yfir stöðuna og hvað lá að baki þegar ákveðið var að segja sig úr verkefnaráðinu í vor. Farið var yfir nýjar upplýsingar frá Landsneti er varðar verkefnaráð Kröflulínu 3. Stjórn mun á næsta fundi stjórnar skipa aðila í verkefnaráðið að nýju byggt á þessum upplýsingum.

## 7. Starfshópar sem framkvæmdastóri situr í.

Framkvæmdastjóri fór yfir þá starfshópa sem hún situr í á vegum ráðuneyta. Farið var yfir hvenær reikna má með að verkefnum hópanna ljúki en í þeim felast mikil samskipti og fundahöld þessi misserin.

## 8. Mannauðsmál

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni sem eru í gangi í mannauðsmálum. Beðið er eftir niðurstöðu starfsmats er varðar störf innan Austurbrúar og samkvæmt nýjustu upplýsingum á það að liggja fyrir um áramót.

## 9. Gögn vegna ályktunar SSA

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu gögn sem hún var beðin um að taka saman í tengslum við ályktun SSA s.s. skrá yfir stofn- og hagsmunaaðila Austurbrúar, fundargerð framhaldsársfundar Austurbrúar sem og skipulagsskrá Austurbrúar.

## 10. Önnur mál

- **Verklagsreglur stjórnar**

Verklagsreglur lagðar fram til kynningar

Næsti fundur stjórnar verður þann 15. nóvember á Reyðarfirði kl. 10.00-12:00. Fundi slitið kl. 15:40

---

Einar Már Sigurðarson

---

Sæunn Stefánsdóttir

---

Gunnar Jónsson

---

Hildur Þórisdóttir